

Fundið fé - Dreifður burðartími

- Náttúrulegur burðartími áa er frá því snemma í apríl og fram eftir sumri þó þær beri alla jafna í maí. Til að lengja þann tíma sem ferskt lambakjöt er í boði er hægt að dreifa sauðburði yfir lengri eða fleiri tímabil
 - Burður yfir lengri tíma getur einnig farið vel saman með sauðamjöltum
 - Til að fá lömb fyrr til slátrunar að hausti er hægt að láta hluta ána bera í apríl ef aðstæður leyfa.
 - Hentar betur í láglendari sveitum
 - Þarf að gera ráð fyrir að hafa lambfé á gjöf fyrstu vikunnar
 - Góð vorbeit á ræktuðu landi þarf að vera til staðar
 - Fá lömb úr þessum hópi ættu að þurfa á haustbötun að halda
 - Hæst verð/kg fyrir lambakjöt fæst í byrjun sláturtíðar
 - Veðráttu að vori skiptir miklu máli
-
- Eins er vel þekkt að hleypa til áa sem ekki hafa haldið eftir hefðbundinn fengitíma þegar búíð er að fósturtelja
 - Fækkar ám sem ekki skila neinum afurðum
 - Burður á miðju sumri
 - Yfirleitt lítill hluti af hjörðinni sem lendir í þessum hópi
 - Best að þær séu á ræktuðu landi eftir burð til að fá sem mestar afurðir að hausti
-
- Einnig er hægt að stíla inn á burð síðsumars ef að í boði er að slátra fyrir jól og hleypa þá ekki til hluta ána fyrr en eftir hefðbundinn fengitíma
 - Reikna þarf með að taka sláturlömb á gjöf í allt að 1 ½ mánuð fyrir slátrun í desember
 - Hrútlömbum þarf þó að slátra fyrir 1. nóvember <https://island.is/reglugerdir/nr/1018-2021>
 - Á móti er hægt að bæta í hópinn smærri gimbrum sem fæddar eru að vori
 - Fyrir fóðrun sláturlamba þarf kraftmikið fóður til að þau nái sem bestum þroska
- Skýrslan í heild:
https://www.rml.is/static/files/RML_saudfjarraekt/2022/-fundid-fe-skýrsla-um-fjolfbreyttari-framleidsluadferdir-i-saudfjarraekt-des-2022.pdf